



EKKI BARA SJÚKLINGAR „Í dag eru allt önnur viðhorf sem skína í gegn. Einstaklingarnir ákveða í auknum mæli sín eigin markmið, eru ekki lengur bara sjúklingur heldur „notendur“,“ segir Jóna Rut Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri í málefnum fatlaðra á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

ÁTAKIÐ STRAUMHVÖRF: HJÁLPAÐI FJÖLDA GEÐFATLAÐRA ÚT Í SAMFÉLAGIÐ

Ný viðhorf hafa rutt sér til rúms

Fyrir fjórum árum var átaki til eflingar þjónustu við geðfatlað fólk ýtt úr vör sem fékk síðar yfirskriftina Straumhvörf. Umtalsverðum fjárumunum, hluta ágóðans af sölu íslenska ríkisins á Símanum, var varið í verkefnið en helsta markmiðið var að koma um 160 geðfötludum einstaklingum, sem dvalist höfðu á stofnunum, hjá ættingjum eða annars staðar en á eigin heimili, út í samfélagið og í sjálfstæða búsetu. Átakinu er formlega lokið og síðastliðinn föstudag var árangurinn af verkefninu kynntur. Jóna Rut Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri í málefnum fatlaðra á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, hefur haldið utan um uppbyggingu þjónustu við geðfatlaða.

„Hugmyndafræðin sem mótuð var hjá Straumhvörfum í samvinnu við ýmis hagsmunasamtök geðfatlaðra er sú að færa þjónustu við fólk með geðraskanir eftir því sem kostur er út í samfélagið frá hefðbundnum sjúkrahúsum og efla sjálfstæði þeirra og rjúfa einangrun. Þeir einstaklingar eru 160 talsins á öllu landinu, þar

af 84 hjá Reykjavíkurborg. Verkefnið tengist líka yfirfærslu í málefnum fatlaðra yfir til sveitarfélaga og borgin hefur nú þegar tekið við málefnum geðfatlaðra sem annars hefðu komið yfir í janúar,“ segir Jóna Rut.

Áður en verkefnið Straumhvörf kom til framkvæmda bjuggu geðfatlaðir einstaklingar að sögn Jónu Rutar ýmist á sambýlum og stofnunum og voru þeir einstaklingar því að komast í eigin íbúðir í fyrsta skipti og fá sértæka þjónustu. „Valdeflingin var lítil og miklu heldur forræðisbyggja, það segir sig sjálft þegar einstaklingar búa inni á stofnun þar sem eldað er og þvegið fyrir fólk og ekki spurt hvað viðkomandi finnst eða langi. Hugmyndafræðin sem notuð er í dag er unnin í samvinnu við notendur, aðstandendur og aðra. Reykjavíkurborg leiddi saman hagsmunafélög svo sem Öryrkjabandalagið, Geðhjálp, Hugarafl, Geðsvið Landspítalans og fleiri, kom af stað ellefu stafshópum sem tóku að sér að þróa þjónustuna þannig að í dag skína allt önnur viðhorf í gegn. Einstaklingarnir ákveða í auknum mæli sín eigin

markmið, eru ekki lengur bara sjúklingar heldur „notendur“.“

Þessi breytta þjónusta hefur á tveimur árum aukið samfélagsvirkni notendahópsins. Virknin, sem mælist í því að viðkomandi taki þátt að einhverju leiti í samfélaginu, námi, starfi, eða öðru, var þrjátíu prósent árið 2008. „Sem þýðir að sjötíu prósent sátu heima allan sólarhringinn og voru ekki virkir í neinu. Nú tveimur árum síðar hefur samfélagsleg virkni þessa hóps farið úr 30 prósentum í 60 prósent. Við teljum það stafa af stórum hluta af því að í dag er hlustað á þarfir þessa fólks, það er sjálft með í ráðum.“

Verkefninu er lokið með því að „símapeningarnir“ eru formlega komnir í notkun. Stór hluti þeirra sem áttu ekki eigið heimili er kominn í íbúðir, með sértæka þjónustu. „Fólk tekur þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Samfélagið þarf líka að vera opið og taka geðfötludum opnum örmum. Fordómur eru til staðar og það þarf að vinna á þeim,“ segir Jóna Rut. „Framhaldið er frekari endurbætur í þessum málum.“

juliam@frettabladid.is